

Umsögn vegna Teningsins fyrir árið 2022

Teningurinn 2022 – Össur hf.

Teninginn fyrir árið 2022 hlýtur Össur hf. fyrir hönnun og þróun á AeroFit, byltingarkenndri lausn á sviði stoðtækja.

Með þessari nýsköpun kynnir Össur til leiks stoðtæki sem leyfir gegnumflæði lofts og raka. Með klínískum prófunum hefur verið sýnt fram á að AeroFit kerfið dregur úr rakasöfnun sem er eitt stærsta vandamál stoðtækjanotenda í dag.

AeroFit samanstendur af harðri trefjahulsu og mjúkri sílikonhulsu sem festir gervifótinn við einstaklinginn. Mjúka sílikonhulsan er framleidd með þrívíddarprentun. Þrívíddarprentun með sílikoni gerir kleift að búa til strúktúr sem ekki væri mögulegt með hefðbundnum framleiðsluaðferðum. Sílikonstrúktúrinn samanstendur af mörgum lögum, sem hvert og eitt hefur verið hannað til að uppfylla sérstakar hönnunarkröfur. Þessi einkaleyfavarða hönnun gerir það að verkum að sviti og raki kemst frá húðinni, fyrst um örsná op og svo áfram í gegnum sílikonstrúktúrinn út úr hulsunni í gegnum textíllag. Trefjahulsan er búin loftopum sem leyfa öndun á milli textíllagsins og ytra umhverfis.

AeroFit lausnin er bylting fyrir stoðtækjanotendur. Hita- og rakamyndun innan hulsu er áskorun fyrir marga. Rakasöfnun inni í hulsu getur leitt til aukinnar hreyfingar á milli húðar og sílikonhulsu sem skapar óöryggi og og hættu á því að notandinn hrasi eða detti. Rakasöfnun hefur einnig neikvæð áhrif á húðina, þar sem óþægindi og sár geta myndast og orðið til þess að einstaklingurinn getur ekki notað stoðtækin sín. Þetta hefur talsverð neikvæð áhrif á lífsgæði.

AeroFit þróunarverkefnið var um fjögur ár í framkvæmd og var unnið af alþjóðlegu, þverfaglegu verkefnateymi starfsfólks úr vöruþróun, sölu- og markaðsdeild, framleiðslu og rekstri. Verkefnastjórar gegndu því mikilvæga hlutverki að samstillta ólíka straua verkefnisins, og tryggja samþættingu vöruþróunar, þróun framleiðslubúnaðar og klínískra prófana.

Verkfræðiþáttur verkefnisins skiptist í þrjú verkhluta: hönnun og þróun vörunnar, klínískar prófanir til að sannreyna virkni vörunnar og þróun framleiðslubúnaðar. Framleiðslubúnaðurinn og stýrikerfið voru þróuð af Össuri samhliða því sem sílikonhráefnið var aðlagð og þróað að þrívíddarprentuninni. Öll teymin unnu náið saman að sameiginlegu markmiði: Að markaðssetja lækningartæki sem leysir eitt stærsta vandamál stoðtækjanotenda.

AeroFit lausnin byggir á einstakri nýsköpun og hugverki. Verkefnateymi Össurar má vera stolt af þessari afurð sem mun bæta lífsgæði stoðtækjanotenda á heimsvísu.